

## Fundargerð „opins fundar“ skólaráðsins í maí 2016

Opni fundur skólaráðsins í maí tókst afar vel. Lagt var upp með eftirfarandi viðfangsefni:

Halda opinn fund þar sem:

10. bekkingar miðli til 9. bekkinga reynslu sinni af:

- Hversu vel gekk hjá þeim að skapa góðan bekkjaranda.
- Skipuleggja árshátíðina.
- Gera kennaragrínið (myndband sem hefð er fyrir að sýna á árshátíð).
- Skipuleggja fjáröflun fyrir útskriftarferðalag 10. bekkinga.

Á meðan myndu foreldrar 10. bekkinga miðla reynslu til foreldra í 9. bekk um hvernig gott er a leggja 10. bekkjum lið í fjáröflun, skipulagi kveðjustundar og koma fleiri hagnýtum upplýsingum á framfæri.

Foreldrar í 8. bekk og 8. bekkingar vinni að hugmyndum um hvernig við getum nýtt og tengt okkur enn betur grenndarsamfélaginu.

Einnig var óskað eftir því að foreldrar og nemendur ræddu hugmynd að því að breyta fyrirkomulagi matartíma/frímínútna á föstudögum á þá lund að sleppa einum fimmínútna frímínútum úr val tímum á mánudögum og fimm mínútna frímínútum á milli tveggja val tíma á föstudögum og lengja á mótí hádegið á föstudögum um 10 mínútur en föstudagshádegið hefur verið knappara. Þessi tillaga var samþykkt samhljóða.

**Metþátttaka foreldra var á fundinum** – en það var skyldumæting hjá nemendum sem fengu í staðinn leyfi í kennslustundum daginn eftir. Foreldrar voru afar virkir í umræðuhópum og margar góðar hugmyndir voru skráðar sem verða nýttar næsta vetur í skólastarfinu.

Hér á eftir kemur upptalning á þeim hugmyndum sem fram komu:

### **Samantekt frá 8. bekkjar foreldrum:**

Hafa dansnámskeið, hjóladag, böll. Hafa pókóvöll, fara í brennó.

Tónlistartenging: Salka Sól, fyrrverandi Tjarskælingur; Þráinn Árni (Skálmöld, er kennari í Norlingaskóla), Bjössi (bolur?).

Hafa uppákomu t.d. að foreldrar komi á óvart með því að bjóða upp á morgunressingu.

Fá fótboltamark til að hafa á frosinni Tjörninni.

Fá gesti í heimsókn: Segja frá t.d. hjólafærni.

### Alls konar heimsóknir og tengingar:

Fara í Þjóðleikhúsið, Borgarleikhúsið, Árbæjarsafnið, skauta á Ingólfstorgi, tungumálaskóla, tónlistarstúdíó, fréttastofu, keilu, vinnustofur listamanna, Hvalasafnið, taka myndir í nágrenninu og halda sýningu, heimsækja lögreglu og slökkvilið og fara á vinnustaði. Fara í ísbúð/kaffihús. Fara í heimsókn á Grund og Vesturgötu 7 og spjalla við fólkið þar. Fara í franska skólann, Hallgrímskirkju, Þjóðarbókhöfðuna. Fara út í Viðey og skoða höfnina, Slippinn, varðskipin og fá að heimsækja Slysavarnaskólann. Mæta á þingpalla og heimsækja Seðlabankann. Fá að líta inn í eldhús á veitingastöðum. Lesa fyrir börn á Barnaspítalanum. Skoða Hótel Holt, skoða bíó bak við töldin. Skoða Landakotskirkju og fara sendiráð. Tjalda í Hljómskálagarðinum. Skoða Landakotsspítala og gamal Vesturbæjarskólahúsið (Mímir), skoða Hörpuna og dorga við höfnina. Vera túristi einn dag/taka túristastrætó. Fá að smíða einhvers staðar. Fara í frispígolf, tálga, hafa púslkvöld (eða grípa í púsl), skoða háskóla. Fara í Nauthólsvík, fá að skoða litlar flugvélar, fara í fornþakabúðina hjá Braga og Gamla bíó, Kramhúsið fyrir alla eða val. Ljósmyndasafn Reykjavíkur (hafa verið með flott námskeið). Skipuleggja eitthvað fyrir brettaliðið. Þjóðminjasafnið; tengja við myndmennt, textílmennt, sögu, ath. það er munadeild í Vesturvör Kópavogi. Hljómskálagarðurinn – fara í lautarferð, skoða stytturnar og teikna þær, nýta leiktækin þar. Fara í Húsdýragarðiinn. Ath. með Laugar í Sælingsdal (sbr. Reykjaskóli). Heimsækja vinnustaði. Hafa gæludýradag. Heimsækja íþróttafélög. Kynnast lífríki Tjarnarinnar og taka hluta í fóstur/efla fuglalífið. Tína rusl í Hljómskálagarði. Bera saman kort og skoða útsýnið úr Hallgrímskirkju – bera saman. Tónlistarsamstarf við Fríkirkjuna; poppmessa /hugleiðsla. Ráðhús Reykjavíkur, heimsókn, samstarf, hugmyndasmiðjur. Ráðuneyti; kynning, samstarf, val. Bankar t.d. Seðlabankinn (skoða myntsafn). Landnámssafnið, rannsóknarstofur í tengslum við Landspítala. Íslensk erfðagreining, Alogen, Norræna húsið – lífríkið í kring. Flugvöllurinn – flugturninn. Öskjuhlíðin/Perlan/Útfararstofa kirkjugarðanna. Grandinn; hönnun/matur. Bókabúðir. Fara í fjallgöngu/hjólaferð (eins og farið var í í Smáraskóla).

### Samantekt frá 9. og 10. bekkjar foreldrum:

Óvæntur „bröns“ fyrir krakkana á vegum foreldra.

Gistinótt í Gufunesi – heppnaðist vel í fyrri.

Taka vel á móti nýjum nemendum – skiptir máli upp á andann.

Fá foreldra til að bjóða sig fram í nefndir og finna „réttu“ foreldrana í fjáröflunarnefnd.

Danmörk?

## **Fjáröflun:**

Kaffisala á jólaföndri.

Pizzusala í hádeginu.

Maturinn í hádeginu – 10.bekkingar sjá um mat og frágang, fá greitt fyrir.

Tjarnó peysur – ath. tilboð.

Vörutalningar – ath. hvort nemendur komast að í slíkt gegn greiðslu.

Bingókvöld - allir koma með t.d. 5 vinninga fyrir kvöldið.

Eggja-/flatkökusala - HP flatkökur/Mófugl.

Vöfflusala/heitt kakó á Tjarnarbakkanum (ath með leyfi) – ath t.d Vetrarhátíð í Reykjavík/  
Barnamenningarhátíð.

Föndursala – pastaenglar – Pinterest

Jólapappír og merkisþjöld – hanna og selja

Haustlaukar

Kökusala og samvera

Flóamarkaður t.d. sumardaginn fyrsta, jólaflóamarkaður og kakósala.

Skoða vel viðburðardagatal Höfuðborgarstofu

## **AUK ÞESS....**

Við sjáum ástæðu til að nefna einnig að góð samvinna tókst með umsjónarkennurum og foreldrum um að stuðla að auknum samskiptum nemenda og tilbreytingu í skólastarfinu. Hér má nefna að áttundubekkingar fóru í boð til nemenda í bekknum í tilefni afmæla og prófaloka, níundubekkingar fóru saman í bíó og grilluðu saman í Elliðaárdalnum og fóru saman í ísbúðarferð. Tíundu bekkingar héldu einnig afmælisboð og fóru saman í skipulagða dagsferð. Eitt verkefni var á dagskrá hjá 8. bekkjar foreldrum; að fara í keiluferð nú undir vorið – en var frestað til næsta hausts.

Ekki má heldur gleyma aðkomu foreldra og þátttöku í verkefninu „Hugsað um barn“ sem nemendur í 10. bekk hafa tekið þátt í á hverjum skólavetri. Um er að ræða námskeið þar sem nemendur annast sýndarungbarn í tvo og hálfan sólarhring. Foreldrar nemenda mæta á undirbúningsfund áður en verkefnið hefst og hlusta á fyrirlestur og eru síðan á vissan hátt stuðningsaðilar unglingsins síns meðan á verkefninu stendur en líkt og við umönnun ungbarna þá er um sólarhringsvakt að ræða.

Nemendur mæta í skólann þessa daga og sinna skólavinnu eftir því sem ungbarnið gefur þeim svigrúm til. Í tengslum við þetta verkefni skapast mikilvægt samtal á milli kennara, foreldra og nemenda um lífið og tilveruna í enn meiri vídd en áður. Þetta var í 7. skipti sem nemendur og foreldrar taka þátt í þessu verkefni.

**Allir þessir samstarfsfletir hafa án efa stuðlað að því að styrkja tengsl milli skóla og heimila.**